

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017, Stóri-Ás, Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 8. desember 2003 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaganna norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í því að landbúnaðarsvæði í landi Stóra-Áss er breytt í svæði fyrir frístundabyggð, alls um 33 ha. Svæðið er norðan núverandi svæðis fyrir frístundabyggð sem er um 48 ha að stærð skv. samþykktu deiliskipulagi.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 8. desember 2003.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.